

## ***Hvað er framundan?***

Það er enginn verkefnaskortur framundan hjá MFÍK.

Vatnsmálin ein og sér væru nóg.

Um allan heim hringir nú viðvörunarbjöllum í hugum friðarsinna því sagan sýnir að í kjölfar kreppu fylgja iðulega ófriðartímar.

Kjarni MFÍK er FRÍÐUR og hlutverk okkar er að tala máli friðar.

Sem hópur og sem einstaklingar þurfum við að nota hvert tækifæri til að tala gegn hernaðarhyggju.

Hernaður er og hefur ævinlega verið mannanna verk en friður getur verið það líka.

Friður er vilji.

Við viljum frið og við viljum afvopnun.

Við viljum sjá öll kjarnorkuvopn eyðilögð, framleiðslu efnavopna bannaða og að komið verði í veg fyrir hvers kyns sýklahernað.

Þá er verk að vinna ef takast á að endurheimta trúverðuleika

Íslands sem þjóð friðar. Til viðbótar við aðra óáran sem

nýfrjálshyggjan hefur leitt yfir landið þá hefur ímynd þjóðarinnar sem friðelsk, herlaus þjóð glatast.

Við teljum að fjármunum sem fara í Varnarmálastofnun og aðild að

hernaðarbandalaginu Nató mætti betur verja. Friðarsinnar sem

mótmæltu Nató-fundarhöldum 28. janúar og urðu vitni að

hörkulegu framferði lögreglu hafa aldrei verið sannfærðari: Það er

löngu tímabært að segja skilið við hernaðarbandalagið. Það er

viðeigandi að Ísland gangi úr Nató 30. mars næstkomandi.

Betri heimur er mögulegur – og við ætlum að taka þátt í að skapa hann!



## **Fréttabréf MFÍK**

### **Mars 2009**

### **Á döfinni hjá MFÍK**

**8. mars**

**Alþjóðlegur dagur kvenna fyrir friði og jafnrétti**  
**Dagskrá í Ráðhúsinu hefst kl. 14.00**

**30. mars**

**60 ár liðin frá því að Ísland gekk í Nató**  
**Mótmælum því feilspori á Austurvelli**  
**fyrir framan Alþingi kl.12.00**

**27. apríl**

**Opinn félagsfundur í Friðarhúsi kl. 19.00**  
**Matur á friðsamlegu verði – dagskrá auglýst síðar**



## Aðalfundur MFÍK

57. aðalfundur Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK var haldinn í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, fimmtudaginn 12. febrúar 2009, kl. 17.

### Stjórnarkjör

Frá síðasta aðalfundi, þann 30. janúar 2008 sátu í stjórn:

María S. Gunnarsdóttir, formaður

Bergþóra Gísladóttir, varaformaður

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri

Ragnhildur Kjeld, ritari

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, erlendur bréfitari

Guðrún Hannesdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og

Harpa Stefánsdóttir, meðstjórnendur,

Helga Pálsdóttir og Magnea Björk Valdimarsdóttir, varamenn.

Í þessari stjórn sátu einni konu fleiri en lög félagsins segja til um – og segir það sitt um félagsandann í MFÍK .

Harpa Stefánsdóttir baðst lausnar úr stjórn og þökkum við henni góða samvinnu og treystum að hún mæti aftur til leiks að námi loknu.

Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa formann og varaformann sérstaklega og eru þær kosnar sitt hvort árið og sitja tvö ár í senn. Í ár var kosið um varaformanninn. Bergþóra Gísladóttir sem gegnt hefur varaformennsku síðastliðin 2 ár gaf ekki kost á sér áfram. Við þökkum henni vel unnin störf og vitum að hún mun áframhaldandi vera virk með okkur.

af þessum hugmyndum og varð strax virk í Alþjóðasamtökum lýðsræðissinnaðra kvenna. Hún sat m.a. stofnfund samtakanna í Kaupmannahöfn og hér heima var hún frá upphafi virkur félagi í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna sem er íslenska aðildarfélag samtakanna. Hún sat um árabíl í stjórn MFÍK og sinnti auk þess ýmsum trúnaðarstörfum í þágu samtakanna. Alla tíð fylgdist hún með starfi samtakanna og á aðalfundi árið 2006 voru Þórunni þökkuð störf hennar og hún gerð heiðursfélagi MFÍK.

Þórunn ferðaðist víða og tók þátt í ótal kvennaráðstefnum. Þar var hún glæsilegur fulltrúi íslenskra kvenna. Vel að sér í heimsmálum og fundarsköp var hún alveg með á hreinu.

Eftir fertugt tók Þórunn upp þráðinn þar sem frá var horfið námi og útskrifaðist með cand. mag. próf frá Háskóla Íslands 1982. Hún var brautryðjandi á sviði kvennasögu með rannsóknum sínum á sjókonum og starfi íslenskra verkakvennafélaga.

Þórunn var leitandi baráttukona. Kjarkmikil og rekin áfram af samblandi af bjartsýni og þrjúsku. En baráttan var aldrei í eiginhagmunaskyni. Það element virtist alveg vanta í hana og hefur á stundum verið erfitt fyrir hennar nánustu. Hún valdi ekki auðveldustu leiðirnar í lífinu. Hvorki í skoðunum né lífsmáta. Ákveðið rótleysi var hluti leitarinnar og sterk var löngunin til að vera fleyg og fær.

Róttæknin minnkaði ekkert með aldrinum og lífsmáti hennar breyttist ekki. Þar sést best hversu heil hún var. Hún var alltaf jafn sannfærð um hvaða grunngildi þyrfti að standa vörð. En leitin hélt áfram. Hún flutti oft – var aldrei komin á endastöð. Konan sem fór með príhjóli til Kúbu. Flutti svo rígfullorðin búferlum vestur á firði og seinna til Sauðárkróks. Hún kastaði aldrei endanlega akkerum. Einhvern tíma spurði ég hana af hverju hún þyrfti að vera á þessum þvælingi. Þá bjó hún innan um bækur sínar í ágætri íbúð með stytta Héðins Valdimarssonar fyrir utan gluggann og málverk eftir Jóhann Briem á veggnum. Svárið var að hún og Reykjavík hefðu bara aldrei átt samleið.

Nú er ferðalagið á enda. Þórunni væri best þakkað með því að láta fordæmi hennar verða okkur hvati til að halda áfram á sömu braut. Enn og áfram er þörf fyrir kjarkmikið hugsjónafólk sem tilbúið er að leggja allt undir til að verja hugsjónir samábyrgðar og jafnaðar.

María S. Gunnarsdóttir

Hægt er að nálgast textann í heild á heimasíðu MFÍK <http://www.mfik.is>



## Pórunn Magnúsdóttir kvödd

Brot úr kveðjuorðum sem María S. Gunnarsdóttir flutti við útför Pórunnar Magnúsdóttur, heiðursfélaga MFÍK, f. 12.12.1920 – d. 24.12.2008 í Fossvogskirkju 7. janúar 2009.

Vont er að láta leiða sig,  
leiða og neyða.  
Verra að láta veiða sig,  
veiða og meiða.  
Vont er að vera háð,  
verst að lifa af náð.  
Gott er að vera fleyg og fær,  
frjáls í hverju spori,  
sinnið verður sunnanblær,  
sálin full af vori.

Pórunn Magnúsdóttir tilheyrði kynslóð brautryðjenda - kvenna sem eru flestallar að hverfa. Oft er vitað til orða frönsku kvenréttindakonunnar Simone de Beauvoir um að “maður fæðist ekki kona” en ljóðið “Vont og verst” eftir Ólöfu frá Hlöðum, sem líka var brautryðjandi, lýsir togstreitu sem ég held að hafi verið þeim Pórunni sameiginleg.

Það er ekki hægt að minnst Pórunnar Magnúsdóttur án þess að tala um þær samfélagsbreytingar sem hún lifði og var sjálf mjög virkur þátttakandi í. Ísland var að breytast úr bændasamfélagi í borgarsamfélag. Mismunandi skoðanir voru á því hvert líta skyldi til fyrirmynda. Pórunn var ekki í vafa, gekk aðeins 13 ára gömul í félag ungra kommúnista og þar með var baráttu hennar hafin fyrir hugsjónum sem áttu hug hennar alla tíð.

Lífsbaráttan var hörð í Reykjavík um miðbik 20.aldar. Mikil húsnæðisekla var í bænum og hafði Pórunn framgöngu um stofnun Félags herskálábúa. Hún var formaður frá stofnun 1952 allt til ársins 1959 þegar samtökin voru lögð niður. Hún beitti sér fyrir afnámi herskálahverfanna og að fundin yrði framtíðarlausn á húsnæðisvanda þeirra þúsunda Reykvíkinga sem þar bjuggu. Pórunn var bæjarfulltrúi sósíalista og sat í átta ár í framfærslunefnd Reykjavíkur. Á þeim vettvangi var hún ötull málsvari lítilmagnans. Auk þessa starfaði hún bæði fyrir Mæðrafélagið og Mæðrastyrksnefnd.

Við lok síðari heimstyrjaldar varð til alþjóðleg hreyfing kvenna sem vildi nýja sýn á samfélagið. Flestar þessara kvenna voru virkar í andspyrnuhreyfingunni og margar höfðu kynnst vistinni í fangabúðum nasista af eigin raun. Þær ákváðu að virkja samtakamátt sinn, vildu koma á samvinnu kvenna austurs og vestur til varnar friði og lýðræði. Pórunn hreifst

Í núverandi stjórn, sem skipuð var á aðalfundinum, sitja:

María S. Gunnarsdóttir, formaður  
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, varaformaður  
Guðrún Hannesdóttir, ritari  
Magnea Björk Valdimarsdóttir, erlendur bréfitari  
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri  
Margrét Guðmundsdóttir og Eva Hauksdóttir, meðstjórnendur.  
Helga Pálsdóttir og Ragnhildur Kjeld varamenn.

Nú eru skráðar 159 konur í Menningar- og friðarsamtökin.

Frá síðasta aðalfundi hafa tvær félagskonur látist, þær Ása Torfadóttir og Pórunn Magnúsdóttir, sem var heiðursfélagi MFÍK. Við þökkum þeim samfylgdina.

Á aðalfundinum var m.a. ákveðið að senda áskorun á ríkisstjórn landsins í þremur liðum:

- Að Ísland væri lýst kjarnorkulaust svæði.
- Að Ísland segði skilið við öll hernaðarbandalög og gengi úr Nató.
- Að við endurskoðun stjórnarskrá Íslands yrði sett inn ákvæði um að Ísland sé herlaust land og muni aldrei fara með ófriði gagnvart öðrum löndum.

Heildarskýrslu formanns má lesa á heimasíðu félagsins [www.mfik.is](http://www.mfik.is) Þar er einnig að finna ályktanir sem MFÍK hefur sent frá sér undanfarið, greinar eftir Maríu. S. Gunnarsdóttur sem skrifaðar voru vegna innrásar Ísraelsmanna á Gaza og grein Guðrúnar Hannesdóttur *Menn með mönnum*.



# Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

## fyrir friði og jafnrétti

Dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur  
sunnudaginn 8. mars 2009 kl.14-15.

### Breytt samfélag – aukinn jöfnuði!

Fundarstjóri: Halldóra Friðjónsdóttir, formaður jafnréttisnefndar BHM.

Kvennakórinn **Vox feminae** syngur undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur.

Bryndís Petra Bragadóttir les ljóð.

#### **MENEO LATINO**

Dans og söngur frá Kúbu. Dansarar: Edna Mastache og Juan Borges.

#### **Ávörp:**

Eyja M. Brynjarsdóttir, heimspekingur.

Hvar er réttlætið?

Lárus Páll Birgisson, sjúkraliði og friðarsinni.

Heilbrigði og friður.

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

„...ok skal þat barn út bera, ef þú fæðir meybarn, en upp fæða, ef sveinn er.“

María del Pilar Acosta, í stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

Við skulum standa saman.

Steinunn Gunnlaugsdóttir.

Niðurbrot siðmenningarinnar - rýtingur í hjarta auðvaldsins.

María S. Gunnarsdóttir, formaður Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK .

Enginn jöfnuður án friðar.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, Bandalag háskólamanna, BSRB, Félag ísl. hjúkrunarfræðinga, Kennarasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök hernaðarandstæðinga, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtök um kvennaathvarf, SFR – Stéttarfélag í almannabjónustu, Sjúkraliðafélag Íslands, STRV – Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Proskapjálfafélag Íslands.